

Árni Garðarsson
2006

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk
Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Þorvaldur Kristinsson
Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir
DVCAM 196
© Krumma films ehf.

DV 196

Já þetta hangir allt sko saman að hérna að sem sagt sko... hvenær var ég inni í skápnunum? Ég held ég hafi aldrei verið inni í skápnunum þannig.

HG: Segðu mér það. Hvernig það er að geta ekki verið í skápnunum eða að kunna það ekki eða vilja það ekki.

Já. Eða vera ekki boðið það. Eee þetta er einhvernveginn sko einhvernveginn snýst lífið eða maður er og maður er til og það verður aldrei sko einhvernveginn... mér finnst ég aldrei hafa verið inni í skápnunum þannig en útúr skápnunum, ég var nú ekki alveg viss um hvort ég hefði farið útúr honum eða ekki. Eins og í skóla sko þú veist ég meina ég var bara, já, barinn reglulega og helvítis homminn og homminn og allt þetta þannig að hver maður er var einhvernveginn bara tilkynning frá einhverjum öðrum. En þú veist maður vissi það en samt sko, það voru aðrir sem voru búnir að kveikja á því á undan þér. Skilurðu þannig að ég kom, ég hef aldrei komið opinberlega úr skápnunum eða þú veist svona að eigin frumkvæði... eigið frumkvæði svona: Nú ætla ég að koma úr skápnunum kæra móðir hehehe. Þannig að sko, þannig að einhversstaðar í kringum fimmtán, sextán þá var ég farinn að sko vera í kringum strákana eða þú veist mætti í einhver partí og fengi einhvern kærasta og eitthvað svona, já eitthvað svona þriggja mánaða kærasta, svona skyndibita hehehe þú veist og svona inn og út og til hliðar einhvern veginn sko.

Hvenær er ég barinn fyrst?

HG: Færa þetta statíf [lagfærir þrífót]. Í Hlíðaskóla?

Í skólanum já, já, já eða þú veist mobbaður já í skólanum já. Maður truflar, truflar eee samfélagið.

Áður en ég kem að ballinu. Ja, ferlið var sko þetta að já fór rúntinn niðri bæ. Eitthvað að hanga, leita. Vissi ekki að hverju maður var að leita en maður var að leita að einhverju sko. Svo kveikir maður á þessu að sem sagt að Óðal, fyrir utan Óðal, sko þegar þeir lokuðu Óðali þú veist þá var fólk að koma út og þá var maður eitthvað svona standandi þar og var að horfa á, spá og eitthvað já reyna að spotta einhvern, eitthvað. Þá sem sagt kemur einn sem sagt þú

Svona fólk

veist, það er partí þarna og þarna viltu koma eitthvað og þá er maður búinn að vera að krúsa án þess að gera sér grein fyrir því að maður hafi verið að krúsa og krúsa var ekki til í orðabókinni eða skilgreiningunni eða hverju sem er. Og þá er maður búinn að vera að krúsa sko og búinn að vera að leita að einhverjum. Og það var sem sagt eitthvað svona partí, svona fyrsta partíið sem ég fer í sem er sko, sem er hommapartí og þá var náttúrulega samfélagið svo rosalega lítið að það bara sko, það lá við að það væri hringt sko út sko nýtt kjöt í bænum hehehe... og hérna þá sem sagt já, maður kemur í þetta partí og svo er maður náttúrulega bara pikkaður upp. Það er bara þú veist, það er þannig. Þá er maður náttúrulega pikkaður upp eða maður lætur pikka sig upp sko og hitti þá sem sagt... ja sem myndi skilgreinast í dag sem eldri maður... eða þú veist sko ekki svona fimmtán ára eða tvítugur sko, hann hefur verið nær þrítugu sko á þessum tíma sko. Og já og hann svona sem sagt lóðsar mig inn í hvernig þetta er sko þessa tvo mánuði sem að við vorum eitthvað að kitla hvorn annan. Þá er maður sko, þá er maður búinn að fá boðskort. Þá er maður búinn að komast aðeins inni hvernig þetta snýr. Og svo fljótlega eftir það þá kemur, koma þeir sko heim frá Danmörku, Veturliði, Reynir og held að Bjöggi hafi komið eitthvað svona aðeins seinna sko, og þá svona verður, byrjar hringrásin að snúast og það sko fara að koma upp sem sagt möguleikar á fleiri partíum, möguleikar á að búa sér til einhvers konar tengingahóp en sko...

ÞK: Hver var fyrsti kærastinn þinn?

Hehehe það er eitt að hafa sofið hjá manni og annað að viðurkenna það.

ÞK: Hvert var fyrsta fasta viðhaldið þitt?

Fyrsta fasta... hvernig skilgreinirðu fast?

ÞK: Þarna á þessum árum þegar þú komst ekki inni Óðalið, beiðst fyrir utan?

Það var ekkert svona, nei, það kom seinna sko, það kom mikið, mikið seinna.

[Að tala um frænda ÁG] Ee nei ekki þannig sko. Ekki það að það gerði eitthvað svona, gerði einhverskonar tengingu eða neitt svoleiðis nei.

ÞK: Það var ekkert léttara fyrir þig að þú gast svona miðað þig við hann? Þið þekktust kannski mjög lítið?

Þekktumst eiginlega ekki neitt sko. Vissum eiginlega ekkert af hvor öðrum þannig sko.

ÞK: Hvernig vildi svo til að þú dróst inni þetta skemmtiatriði?

Skemmtiatriðið, ballið...

ÞK: Eina sem lifir eftir af skemmtiatriðinu.

Hehehe sko ég veit ekki nema að sko, og það var eitthvað sem sagt að vera með í skemmtiatriði. Viltu vera með í einhverju skemmtiatriði og já það var bara þú veist já alveg til í það sko. Og eftir að ég talaði við Hröbbu í gær sko þá fór ég að hugsa þú veist um hvernig er atburðarásin, hvað gerist og eitthvað svona. Ég held að ég hafi ekkert gert mér grein fyrir hvað í raun og veru var skemmtiatriðið eða hvernig var, þetta var bara þú veist þetta að já að fá að vera í kringum strákana í einhverju öðru samhengi en akkúrat að sko alltaf eftir böll eða partí eða þú veist einhvernveginn þannig sko. Það var eitthvað svona að hittast í Ballettskóla Eddu Scheving og æfa já sem að ég gerði og mér fannst það bara fint og gaman og herna gerði það og ég hafði einhvernveginn aldrei séð sko að þetta endaði í ballinu sem slíku heldur var þetta bara þetta að ganga þarna um og lyfta höndum og lyfta fótum og. Það var Reynir, Veturliði held ég, ég man ekki alveg sko hver en ég man eftir að sko að á einu tímabili kom Tóti sem átti heima í Kaupmannahöfn á þeim tíma. Þá var hann heima í jólafríi og var að horfa á okkur og svona og sagði sko: Þið gerið þetta alltof vel. Þið eigið að vera subbulegir. Það á að vera subbulegur. Og ég var alveg svona subbulegur hvað? Hvað á maður að gera að vera subbulegur? Og hann sagði: Já, þið eruð útlifaðir, þið eigið að vera útlifaðir. Það var svo ekki fyrr en mörgum árum seinna að ég geri mér grein fyrir því að þetta er flutt úr Cabaret, ég vissi að þetta var flutt úr Cabaret en sko að tengja þetta saman við þá þjóðfélagslýsingu sem var þá og síðan færa það síðan þú veist til Íslands á þessum tíma hékk ekki saman sem sagt og já. Það var þannig sem ég man sko mest eftir þessu það var þetta subbulega yfirlýsing sem mér fannst ekki virðingarvert fyrir alla þá vinnu sem átti að fara í þetta sko.

Já, einhvern daginn þá droppar hann við. Þá var hann í jólaheimsókn eða eitthvað svoleiðis, var að koma já og droppar inn og horfir á þetta og segir hvernig eigi að gera þetta og svona eitthvað. Hann er sá eini sem ég man eftir sem að sko var svona einhver leiðbeinandi en það hlýtur að hafa verið... ég meina ekki vorum við þarna, hlupum við þama í kring og... þetta var mjög sko skipulagt hvað maður átti að gera og hvernig maður átti að hreyfa sig á hverjum tíma sko. En ég er ekki alveg viss hver hafi gert það sko eða hvaðan það kemur.

ÞK: Afhverju Ballettskóli Eddu Scheving?

Glóbó var píanisti, var já, barði á píanóið í Ballettskóla Eddu Scheving og við fengum afnot af húsnæðinu hehehe. Það var sem sagt já.

Það sem situr eftir sko þessi Manhattan í Kópavogi, í einhverju svona verksmiðjuhverfi í Kópavogi og það sko hafa ábyggilega aldrei verið jafn margir bílar í götunni eins og þetta kvöld og herna og sko við þurftum að fara út úr bílum og labba yfir götuna og það var bara, það voru sko allir með ljósin á og það var sko örugglega einhver sem sat með vasabók og teiknaði sko hver var að fara inn. Það var gjörsamlega pakkað. Bílastæðið var pakkað af einhverju fólki í bílum, sitjandi og horfandi á hvern þann sem að fór inn. Og eins og maður hugsar eftir á sko, hvað voru þau að gera? Afhverju voru þau þarna? Örugglega sko 50% hafa verið skátar með kellingunni úti að keyra sko. Viðra frúnna og fá að skoða sko hitt fólkið eða það held ég, ég ætla að segja það. Svo bara fórum við þarna upp og fórum í búning og svo var beðið eitthvað eftir fólkinu, að fólk kæmi og svo byrjar bara skemmtiatriði og maður á að fara þarna og þetta var svona stór dansgólf sem var aðeins niður, þannig að það voru pallar fyrir ofan og í kringum dansgólfið, þannig að fólk stóð allt á pöllunum í kringum og horfði sko og þarna hreyfðum við okkur og skökuðum og voða svona tens andrúmsloft í kringum þetta þú veist einhvernveginn. Eða það sem ég segi í dag tens andrúmsloft, kannski var það bara það sem ég ritskoða núna og já svo bara þú veist klappað og búið og maður gengur af gólfinu og þá kom Trixie inn og gerði sígilda hið homma þú veist hema Big Spender einn á gólfinu með refinn í sundbolnum. Og ég man eftir sko tilfinningunni. Mér fannst þetta æði, mér fannst hann vera bestur í heimi, mér fannst þetta frábært, mér fannst þetta sko, mér fannst þeir gera þetta svo vel. En það er náttúrulega frelsið að sjá sko semi-trönsushow í fyrsta skipti og þú veist að gera sér grein fyrir sko því að þarna hanga hlutirnir saman einhvern veginn. Já og svo hafði verið talað um það að við myndum vera sko, við myndum vera í búningum það sem

eftir væri kvöldsins sko og ég gerði það. Maður gerir það, þú veist, maður gerir það sem manni er sagt. Og mér fannst...

ÞK: Hvernig leið þér í þínum búningi? Er hægt að lýsa honum?

Þetta var eitthvað svona kjóll einhver og hattur eitthvað. Átti að vera druslulegt eitthvað. Ee leið og ekki leið. Það var aldrei spuming um hvort mér liði vel eða illa... þú veist ég bara einhvernveginn tók það bara, þú veist, það væri gaman ef þið væruð í búningunum áfram og mynduð mingla og labba um, og þú veist að þá er maður bara það, og einhvernveginn bara maður gerir það án þess að velta fyrir sér hvort það hafi verið gott eða vont eða jákvætt eða neikvætt eða hvemig svo sem það er. Í dag... þú veist myndi ekki gerast sko, vegna þess að í dag geturðu spurt. Sko, þú getur frekar skilgreint, en ekki þarna eða mér fannst ég ekki hafa frelsi til að skilgreina hvað sko, nú ætla ég ekki að vera í búningi lengur. Ég er búinn að gera skemmtiatriði og nú bara þú veist fer ég í mín föt og fer á djammið. Ég veit ekki hvernig ég myndi segja þetta en þetta virkar, en þú veist það sem maður sér, eins og sko sér eins og strákana í dag sko, þeir hafa valdið sem að mér fannst ég ekki hafa, þú veist til að fara úr búningnum, til þess að breytast, til þess að verða aftur þeir sjálfir. En ég meina já þannig að maður gerði það bara og skemmti sér, talaði við þennan. talaði við hinn og skoðaði fólkið.

Nei. Ég skynja ekki ballið sem einhverja sko, eitthvað stórt og mikið, mikla breytingu í lífi míns eða réttindapátttöku eða eitthvað svoleiðis. Kannski vegna þess að ég hafði ekki verið sko, það hafði ekki verið langt síðan ég kem út og eða sem sagt finn samfélagið. Og ég vissi ekkert hvað réttindabarátta eða ball eða að fá að hafa ball væri eitthvað mál. Þetta var bara þú veist, þetta var ball og þetta var skemmtiatriði á balli og.

Já, bara mættur. Förum út úr bílnum sem sagt með svona já stress í kroppnum yfir skemmtiatriðinu, yfir að fara á ballið. Maður var að fara á ball, og við förum út sem sagt og förum að labba yfir götuna til þess að fara sko inn á Manhattan og það er bara fullt bílastæðið og fullt af bílum úti um allt. Og allir eru með ljósin á þannig að maður þurfti að labba svona eins og sko filmstjarna í Cannes í gegnum ljósashvið þú veist til að fara inn á staðinn og síðan sér maður sko bara höfuðið á fólkinu inni í bílunum sko að fylgjast með. Og einhvern veginn sko, ég tók því þannig á eftir að þetta var sem sagt fólk að fylgjast með því hver er að fara inn og hvað... og sem sagt skrásetja einhvernveginn. Sem sagt hvemig lítur þetta fólk út eða ég veit það ekki. Já en þetta var sem sagt þetta að það var kalt, það var myrkur og fullt af

bílum og ljós sem sagt á bílastæðinu og maður þurfti að labba í gegnum þetta til að fara inn á staðinn. Og þetta var sko tiltölulega snemma þannig að sko, sem að við förum. Svona tiltölulega snemma sko, þannig að það var svona rúntað í kring og komið aftur tel ég, eða held ég að sko og örugglega ako bæst við fleiri og fleiri.

Nei nei nei nei nei það var enginn svona úbbs! þú hér.

ÞK: Svo svo um það bil sem ég kem til Íslands nokkrum mánuðum seinna þá kemur út Samúel.

Já, Samúel...

ÞK: Segðu mér Samúelssöguna þína eins og hún snýr að þér.

Já Samúelssagan. Samúelssagan er þú veist gangandi í Austurstrætinu sem sagt, Samúel í sjoppunni og mynd af þér framan á. Mynd af mér framan á þú veist með glas í hendi og hattinn og kjólinn og allt þetta. Þú veist vúbbs! Hehehe og þú veist. Ég vissi ekkert af... ég vissi að það hefðu verið teknar myndir, þú veist það var ljósmyndari þarna á svæðinu, það voru teknar myndir og það hafði einhvernveginn verið allt í lagi sko, ég hafði ekkert spád í það. En að ég síðan sko gæti leitt hugann að því að það yrði í Samúel var aftur á móti svolítið meira heldur en að... já, svolítið meira heldur en að maður bjóst við. Það var vont. Það var að vissu leyti erfitt að fá þetta til að koma heim og saman. Eitt var að skemmta á balli og skemmta sér á balli og annað var að vera í blaðinu á sko öllum gluggunum á öllum sjoppunum, sem var þessar þrjár vikur sem Samúel lifði, að þetta eintak af Samúel lifði. Og það var svolítið erfitt að koma þessu heim og saman að sko að finna sjálfan sig, vera til, líða vel og... ég get ekki sagt svona alræmdur, en samt, svona kannski ekki alveg það sem maður vildi fá sko inn á borð.

ÞK: Þú vissir ekkert af þessu?

Ég vissi ekkert af þessu. Ég var aldrei spurður, mér var aldrei sagt þannig að þetta bara varð. Og ég veit svo sem ekki ef ég hefði verið spurður hvað ég hefði sagt. Hvort ég hefði sagt já eða nei eða hægri eða vinstri en en sko þetta bara var þarna og þegar maður er að... sko á þessum tíma var þetta ekkert sjálfsagt. Það var ekkert sko sjálfsagt að vera hommi, var ekki

sko, þó svo að maður hafi skilurðu, þó svo að maður hafi kannski ekki verið í skápnum eða sem sagt verið outaður... en að vera outaður á blaðinu var, var vont. Það var vont. Það var erfitt, það var ekki, já það var erfitt það var ekkert auðvelt að fá það til að passa við hver er ég og hvað er ég að gera og hvað vil ég og hvernig sný ég og allt þetta. En þetta var aldrei rætt. Aldrei. Ekki heima. Enginn. Ekki orð. Og þarna... Það er kannski líka ákveðið tómarúm. Sko það kemur enginn og skellir blaðinu á borðið og segir: Viltu útskýra þetta hérna! Þú veist bara, var aldrei rætt, var aldrei rætt um þetta nema sko að bara, að sko eee ja ættingi minn hringir í mig og segir við mig: Við þurfum að tala saman, við þurfum að tala um þetta, sem sagt að þú hafir verið í Samúel. Og ég segi já. En getum við ekki hérna hist þú veist einhverntímann í næstu viku. Já, sagði ég og passaði mig sko að vera ekki... það var ekki hægt að ná í mig á einn eða annan hátt sko í einhverja þrjá mánuði að þá bara sem sagt var ég ekki tilbúinn til að feisa það að ræða um þetta. Og það varð aldrei og við ræddum síðan aldrei um það sem sagt. Einhvernveginn þá hafði mér tekist að komast framhjá hámarkinu: Við þurfum að ræða þetta, og þá var það aldrei rætt meir sko. En ég veit sko að síðan var þetta rætt á bakvið í fjölskyldunni sko... þetta var sko sem sagt já, hefur verið rætt þar og það fékk ég sko fyrir einhverjum þremur árum sko svona undir og ofan af þeim umræðum en við mig var þetta aldrei rætt. Þannig að maður lendir svona í já tómarúminu að skilja hver maður er.

[Rest af viðtali finnst ekki í formi myndefnis og hljóðs á spólu. Málfar er þó lagfært á efninu hér fyrir aftan, eins og hægt er.]

Já, það var eftir því sem mér skildist, sem sagt mamma fer til systur sinnar því að það hafði sko verið umrætt að ég væri hommi og svo kemur þetta og hún vildi ræða það. Hvað þetta er og hvemig og er í mjög miklu uppnámi vegna þess sem sagt og það var sem sagt umræðan. Er þetta og hvernig kemur honum til með að líða? Það er það eina sem ég hef fengið útúr að þessi umræða hafi snúist í kringum mig og nú veit maður ekki hvað mikið er ritskoðað af því sem manni er sagt.

Það kannski hangir í því að... þetta var bara staðfesting. Hann er það, hann er hommi og staðfesting á því. Eða ég veit það ekki en mér fannst þessi mynd í Samúel var vond og síðan kom þessi, einhverntímann mörgum árum seinna lenti ég í smá umræðu í kringum þetta og þá var já, við ákváðum bara að setja þessar myndir í Samúel og bara opna fyrir að gay væri til á Íslandi og þeir voru mjög ánægðir með það að hafa gert það. En ég var ekkert sérstaklega ánægður með það. Mér fannst þeir ekki hafa rétt á að... sko þeir höfðu rétt á því að gera það

en þá áttu þeir bara að gera það með myndum af sjálfum sér. En ekki sjálfum sér í sminki. Myndirnar sem birtast eru af einhverju liði vel sminkuðu en ekki eins og ég sem var þarna kominn... ég ræddi þetta ekki en það sem að eftir sat var þetta: Hverjir eruð þið að hafa birt þessar myndir og vera ánægðir með það þar sem það voru ekki þið sem að komuð fram á myndunum. Þið þurftuð ekki að takast á við það.

Það er það sem er fyndið við það sem sagt þið höfðuð samband til þess að ræða akkúrat um þetta. Þetta var eitthvað sem kom upp hjá mér, fyrir svona þremur mánuðum síðan var ég að spá í þetta, ég var að hugsa um hvað í kringum þetta að verða outaður og vera til og allt þetta. En þetta svo sem, nokkrum árum seinna hætti þetta að skipta máli, maður fær sjálfsmyndina heim og saman en samt einhvernveginn situr það niðri, það liggur, það skiptir máli. Það skiptir máli að geta skilgreint sig sjálfur. Það skiptir máli að geta sagt þetta sjálfur. Það skiptir máli að það er ekki einhver annar sem segir þér það og skiptir máli að það sé ekki einhver annar sem ákveður að þú sért út úr skápnunum og það tækifæri fékk ég ekki finnst mér. Finnst mér ég ekki hafa fengið á þessum tíma. En núna skiptir það engu máli.

Reykjavík var horror '81. Ertu að meina... ó kristur, jú örugglega en einhvernveginn já jú það var þetta var tvö, þrjú ákveðin partí. Tveir, þrír ákveðnir aðilar sem að maður gat tengst inná og í kring og ég meina þú gast ekki einu sinni spurt sjálfan þig: Fannst þér þeir ljótir og leiðinlegir? Vegna þess að ef þú gerðir það þá var það bara... þá varstu bara... þá hafðirðu ekkert annað. Það var ekkert annað. Það var bara þetta. Það var bara sem sagt þetta fólk... ekki þetta fólk heldur sko þetta var úrvalið. Þessi tengingin. En einhvernveginn ég fer svona inn og út úr systeminu. Ég er ekki fastur hluti af systeminu frá degi one. Ég er sem sagt einhverja mánuði að djamma með þeim og svo dettur það upp fyrir og ég bara lifi mínu lífi með mínum vinum, svo dett ég aftur inn í að djamma með þeim svo dett ég út aftur þannig að... en mér fannst það eftir á þú veist það var ekkert besti staður í bænum. Það var Óðal, fyrir utan Óðal, partí þarna eða partí á hinum staðnum, eina sem þú gast.

Fara að skilgreina krúsið. Skilgreindu krús. Fyrsti þáttur, fjórða atriði. Maður stóð fyrir utan Óðal, fólk kom út af Óðali, það var búið að loka, fólk kom út og sem sagt hélt áfram að partíast. Maður stóð þarna og reyndi að færa sig eitthvað svona í kringum hópinn og skoða hvaða fólk var að gerast og svo var einhver að stara á mann og maður starir á móti. Það heitir það þegar er krúsað, þá starir maður á móti og síðan kannski brosir maður eitthvað, ég meina eina sem ég man er það, er það kemur sem sagt og segir: Við erum að fara í partí, ertu til í að

koma með? Og það var gæi sem ég hafði séð fyrir utan Óðal og var svona hluti af einhverjum hópi sem var að fara í partí. En ég get ekki gert töku tvö á það sem ég sagði hratt. Nei maður, ég komst ekki inn á Óðal þannig að ég er bara þarna fyrir utan að skoða fólkið sem er að koma út.

Nei seinna ekki þarna. Nei ekki á þessum tíma, þá gerði maður sér ekki grein fyrir því að hlíðin væri einhver svona krússtaður og ég held sko að þarna fyrir utan var maður ekki að krúsa af því maður vildi krúsa. Maður var að leita að einhverju en maður vissi ekki hvað maður var að leita að en maður var svona að reyna að finna eitthvað. Eitthvað svona þar sem maður gæti andað eða verið til eða hvernig svo sem maður snýr því. En hlíðin kemur síðan seinna, verður annað í öðru samhengi.

Já, ég komst inní Klúbbinn einu sinni. Maður talaði við mann sem talaði við dyravörð. Þannig að maður komst inn í Klúbbinn já. Klúbbinn einu sinni.

Ég hlýt að hafa verið ægilegur krúsari vegna þess að ég hef bara svona krúsminningar... já, nei. Fyrstan?... í Klúbbnum seinna sko þarna á þriðju hæðinni einu sinni já fimmtán, sextán, sautján eitthvað.

Ég á erfitt með að skilgreina það sko hvort það hafi verið gaman eða gott. Mér fannst þessi tvö skipti þarna sem maður komst inn í Klúbbinn var fjör en hefur kannski ekki til að hanga í strákunum heldur líka kemur líka saman, maður er sautján ára, maður kemst inn á Klúbbinn þar sem... maður er ekki endilega að hanga í strákunum sko heldur líka skemmta sér, fá að vera til.

Nei það er ekkert margir eftir af þessum. Ég ætti nú erfitt með að segja að... en það sko mínar tilfinningar gagnvart því að þeir hafi dáíð úr sjálfsmorði eða eyðni það er að segja eftir þennan tíma eru kannski ekki svo sterkar tilfinningar gagnvart því, en maður hefur svona sterkari tilfinningar gagnvart kynslóðinni sem týndist. Vegna þess að sagan hélt ekki áfram. Hún bara stoppaði og síðan fór hún til baka. Sem sagt hefði maður sagt: Þetta byrjaði allt með ballinu... þetta byrjaði ekkert með ballinu. Það byrjaði og dó með ballinu. Eða sem sagt vegna þess að þeir strákar... margir af þeim strákum sem að voru á ballinu eða voru að koma út og voru að prófa sig áfram þeir annað hvort deyja eða týnast eða eitthvað. Sagan heldur ekki áfram, það verður ekki þróun, þetta verður stopp í ákveðinn tíma þar sem þjóðfélagið snýst

allt upp í hvað þetta er rangt. Hvað er rangt að vera hommi. Sérstaklega fyrstu árin þegar AIDS-ið kemur upp. Svona hálfgerð trúarofstæki og þá deyr sagan, deyr tilfinningin, vegna þess að það hélt ekkert áfram. Sumir sem höfðu komið úr skápnum fóru inn í skápinn og ekkert hélt áfram, þetta varð ekki neitt og síðan sko árum seinna þá heldur þetta áfram og þá byrja svona trönsushow og eitthvað svona og þóttust hafa fundið upp hjólið og voru ægilega stoltir og fengu sér góðar varnir? Og Dúddi svona sagði bara: Hvað haldiði eiginlega að þið séuð? Það er sko búið að gera þetta löngu á undan ykkur. En það er af því að það var enginn til að taka inn nýja stráka, kenna þeim eða sýna þeim eða tengja þá og koma þeim síðan áfram þannig að það þurfti að byrja aftur á núllpunkti, ja ekki núllpunkti heldur mínus einum punkti. Og það er soldið skrítið. Að maður sé ennþá til og maður sé ennþá... heilinn starfi ennþá og maður viti þetta. Ég veit ekki hvað ég á að segja við ykkur.

Öll samfélög, mörg samfélög, flest samfélög finna sér eitthvað. Eitthvað sem þau geta sameinast um, eitthvað sem þau geta sagt ókei scapegoat, finna sér geitina sem að hleypur í burtu og í Hlíðaskóla á þessum tíma. Að hluta til var ég það af því ég var til og þeir kveiktu, einhverjir kveiktu á því að ég væri gay. Ábyggilega ekki erfitt en þeir kveiktu á því og þá varð ég ógnin við karlmenskuna, ógnin við strákana, ógnin við samfélagið. Þannig að uppnefndur reglulega, barinn reglulega og til þess að... árás er jafnan besta vörnin. Ef ég segi Árni hommi þá sér enginn mig, þannig. Og það var svolítið svoleiðis og ég man eftir svona punkti, einhverjar svona frímínútur þá sko þar sem að gangavörðurinn átti að vera, sko gangavörður sko labbaði framhjá og þeir voru... það var sko mobb í gangi, ég fór inn á klósett og lokaði hurðinni. Síðan heyri ég sko já stelpur segja við þá að hætta þessu og eitthvað svona. Þá er maður bara inni á klósetti með lokaða hurð af því að maður gafst upp. Og það voru ekkert margir sem fóru og stóðu fyrir framan mann, sögðu þeim að stoppa. Það voru fleiri sem bara fóru aftur og bara týndust og leyfðu manni að vera bara hluti af... ja leyfðu manni að ja var bara barinn og það...

Byrjar í kringum svona ellefu, tólf, þá byrjar systemið að fara í gang og heldur alveg áfram þar til maður er fimmtán, sextán. Fimmtán og hætt í skólanum. Já, meira eða minna. Og soldið... skíðaferð og allar stelpur áttu að sofa í einum hlutanum og allir strákar í einum hlutanum. Og ég kem ekkert úr, ég kem ekki úr fjölskyldu sem átti voða gott líf, það var struggle en sem sagt fékk að fara í skíðaferð eða mátti fara í skíðaferð, átti að fara í skíðaferð og fer. Enginn myndi skilja í dag hvað ég var að gera í skíðaferð. Og þarna sem sagt förum við að sofa og þá verður aðaldjókíð hjá strákunum hver ætlaði að skríða ofaní svefnpokann

hjá mér í nótt. Og ég var svona yst á vængnum og það var svona já nú ætla ég að fara, já ég kem til þín og eitthvað svona en náttúrulega enginn lét sjá sig. Þeir voru örugglega allir sofandi sko næstum því ekki sofandi til að sko... en samt einhvernveginn... af hverju voru þeir að spá í það? Afhverju voru þeir að ræða um það? Hvað var það sem ég ógnaði þeim til þess að leika það? Bara að orða það. Bara að segja sko já ég ætla nú að koma til þín í nótt og þú sérð nú um mig og eitthvað svona... en já gerðu það ekki.

Já ég hef séð til þess... mér hefur ekkert langað til að sjá þetta fólk aftur.

Ég hef ekki hitt þessa stráka eftir þetta, mig langar ekkert sérstaklega til þess að hitta þá eftir þetta. En já, ég bara lífið hefur einhvernveginn bara orðið þannig að ég hef ekki þurft að eiga við, hafa neitt að gera við þá. Og það hefur bara verið fínt. Það hefur hentað mér ágætlega og já ég hef enga þörf. Hvað á ég að hitta þetta þakk. Mig langar ekki til þess. Nei. Hitti einn einu sinni, var að labba á götu og bara hitti hann og hann svona ægilega vinalegur og vildi eitthvað við mig ræða og ég sagði bara já og amen og labbaði í burtu... nei.

Er sárt að hafa verið mobbaður, er sárt að hafa farið á ballið, er sárt að hafa verið outaður, að tala um þetta? Það er sárt að tala um þetta allt, ballið og mobbaður og allt. Það er líka ákveðið frelsi að horfast í augu við hver þú ert. Afhverju þú ert svona. Hvernig þú ert. Það er sárt en það er frelsi. Það finnst mér. Er þetta ekki rétt?